

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011 (breytingar á úthlutunarreglum).

(Eftir 2. umræðu, 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Framleiðandi á svæði 1, sbr. 2. mgr. 4. gr., fær 10% endurgreiðslu af flutningskostnaði á vöru ef lengd ferðar er a.m.k. 150 km en 15% ef ferð er lengri en 390 km. Framleiðandi á svæði 2, sbr. 2. mgr. 4. gr., fær allt að 20% endurgreiðslu af flutningskostnaði á vöru ef lengd ferðar er 150–390 km en allt að 30% ef ferð er lengri en 390 km.

b. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki skal lækka hlutföll samþykktar umsókna sem eru undir 1,25% af fjárveitingu hvers árs né lækka samþykktar umsóknir niður fyrir 1,25% af fjárveitingu hvers árs hjá sama aðila.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra skal fyrir árslok 2024 gefa Alþingi skýrslu sem felur í sér áætlun um hvernig styrkir til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara verði lækkaðir í þrepum og að lokum felldir niður á gildistíma laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.